REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 98 26. mars 1973, um breyting á reglugerð nr. 202 11. september 1970, um lánveitingar húsnæðismálastjórnar úr Byggingarsjóði ríkisins.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

3. gr. reglugerðar nr. 202/1970 orðist svo:

Lán samkvæmt a-lið 2. gr. þessarar reglugerðar skulu greidd lántakanda í peningum og komi til útborgunar í þrennu lagi í hlutfalli við byggingarstig húsnæðisins.

Veiting fyrsta hluta lána miðast við fokheld hús. Eindagi fyrir skil á fokheldisvottorðum er síðasti dagur hvers mánaðar.

Stefna skal að því, að eigi líði lengri tími en 6 mánuðir milli útborgunar hvers lánshluta, enda hafi íbúðin náð tilskildu mati samkvæmt virðingargerð matsmanna Veðdeildar Landsbanka Íslands eða dómkvaddra matsmanna.

Þegar virðing fer fram, skal lántakandi leggja fram það eintak teikninga af íbúðinni, sem hann hefur fengið sent frá Húsnæðismálastofnuninni og skulu virðingarmenn gæta þess, að húsið sé byggt samkvæmt þeirri teikningu.

Lánveiting fellur niður hafi lántakandi ekki vitjað lánsins innan 6 mánaða frá fyrsta útborgunardegi hvers lánshluta.

2. gr.

10. gr. 2. mgr. orðist svo:

Eigi umsækjandi íbúð, þegar hann leggur inn umsókn um lán, skal hann leggja inn sölusamning áður en annar hluti lánsins er greiddur og þinglýst afsal áður en þriðji hlutinn kemur til greiðslu.

3. gr.

31. gr. reglugerðar nr. 202/1970 orðist svo:

Þeir sem óska að fá lán samkvæmt þessum kafla reglugerðarinnar, skulu sækja um ákveðna lánsfjárhæð á þar til gerðu umsóknareyðublaði, er húsnæðismálastjórn lætur í té. Umsóknir skulu berast fyrir 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert og eigi síðar en 12 mánuðum eftir að kaupum er þinglýst. Lánveitingar fara að jafnaði fram fjórum sinnum á ári miðað við framangreinda eindaga.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 30 12. maí 1970, sbr. lög nr. 72/1972, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 4 13. janúar 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 13. júní 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.